



**Umhverfis- og  
lýðheilsuþing  
Stórutjarnaskóla  
Þriðjudaginn 17. apríl 2018**



**Kæru sveitungar.**

Þriðjudaginn 17. apríl nk. munu starfsmenn og nemendur Stórutjarnaskóla halda sitt umhverfis- og lýðheilsuþing í 9. sinn. Nemendur skólans munu að venju leika stór hlutverk í dagskrá þingsins og því hvetjum við foreldra og aðra sveitunga til að koma og vera með okkur þessa stund. Þingið verður í sal skólans, **það hefst kl 13:10 og stendur til kl. 15:20.**

Auk glærukyninga nemenda mun tónlistardeild skólans sjá um tónlistaratriði að venju með hljóðfæraleik og söng.

Aðal fyrirlesari þingsins verður Rannveig Magnúsdóttir hjá Landvernd en hún verður með umfjöllun sem á erindi til allra um það sem skiptir okkur máli varðandi náttúru og heilsueflandi umhverfi.

Kynntar verða niðurstöður rannsóknar um matarsóun sem nemendur framkvæmdu í vetur. Einnig verður sagt frá fyrstu niðurstöðum á mælingum í vistheimtarverkefni Landverndar sem nemendur í 6. – 8. bekk taka þátt í. Þá kemur fyrrum nemandi skólans með fyrirlestur um Barnasáttmála sameinuðuþjóðanna og nýráðinn verkefnastjóri hjá Þingeyjarsveit segir frá verkefninu heilsueflandi samfélag í sveitarfélaginu. Loks verður gerð grein fyrir smá könnun sem framkvæmd var meðal nemenda skólans varðandi símaeign og símanotkun þeirra. Vonumst til að sjá sem flesta því okkur er umhugað um framtíðina.

Með góðum kveðjum

*Umhverfis- og lýðheilsunefnd Stórutjarnaskóla*

Grænánaskóli	Heilsueflandi grunnskóli

**Framboðslisti Samstöðu til sveitarstjórnarkosninga  
í Þingeyjarsveit 26. maí 2018.**

1.	Arnór Benónýsson	Hellu	framhaldsskólakennari
2.	Margrét Bjarnadóttir	Dæli	hjúkrunarfræðingur
3.	Árni Pétur Hilmarsson	Nesi	grunnskólakennari
4.	Helga Sveinbjörnsdóttir	Nípa	verkfræðingur
5.	Ásvaldur Æ. Þormóðsson	Stórutjörnum	bóndi
6.	Einar Örn Kristjánsson	Breiðumýri 2	vélfræðingur
7.	Friðrika Sigurgeirsdóttir	Bjarnarstöðum	bóndi
8.	Sæþór Gunnsteinsson	Presthvammi	bóndi
9.	Nanna Þórhallsdóttir	Brekkutúni	grunnskólakennari
10.	Katla Valdís Ólafsdóttir	Geirbjarnarstöðum	grunnskólakennari
11.	Ingibjörg Stefánsdóttir	Grímshúsum	hjúkrunarfræðingur
12.	Jón Þórólfsson	Lundi 3	verktaki
13.	Vagn Sigtryggsson	Hriflu	bóndi
14.	Ólína Arnkelsdóttir	Hraunkoti 2	bóndi

**X – Samstaða**

## Sumarferð FEBB

verður farin 12-14júní .

12 júní Þjóðvegur 1 vestur að Brú með stoppi í súpu á Blöndós svo ekin Laxárdalsheiði að Erpsstöðum rjómaþú skoðað kaffi og ís á eftir ekið til Hótel Borgarnes. Gist verður þar í tvær nætur .

13 júní skoðar sveitir Borgarfjarðar og merkir staðir þar undir leiðsögn Þóris Páls Guðjónssonar .

14 júní skoðaðir helstu staðir Borgarnes áður en lagt verður af stað heim

Verð á tveggjamanna herbergi	62 000 kr
Verð á einsmannsherbergi	50.000kr

Tilkynna þátttöku til ferðanefndar fyrir 18 apríl og greiða staðfestingargjald 10.000 kr ekki seinna en 20.apríl, á reikning 1110-26-3337 kt:440708-0210

### Ferða nefnd

Jóhannes s:8956721 netfang: joi@hotelraudasrida.is  
Sigurborg s:8677151 netfang [sibbabaddi@gmail.com](mailto:sibbabaddi@gmail.com)  
Sigurður s:8690294 netfang [sipa@mi.is](mailto:sipa@mi.is)

( Innifalið er rúta,gisting,kvöldverður morgunverður og næring á milli mála + söfn)

## Aðalfundir.

Aðalfundir H.M.H. og Goðafossmarkaðar verða haldnir sunnudaginn 29.apríl 2018

( ekki búið að ákveða staðsetningu) kl 11.00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nánar verða þessir fundir auglýstir síðar í

Hlaupastelpunni og á netmiðlum.

Stjórnirnar.

Leikfélag Húsavíkur sýnir

# SJÓRÆNINGJA PRINSESSAN

eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn Marín Sigurðardóttur

## SÍÐASTA SÝNING

★ langardaginn 14. apríl kl.16:00

fullt verð: 3000 - börn/afsl: 2000



Félagsmenn Framsýnar, Þingíðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur

geta keypt afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu

Miðapantanir: [www.leikfelagid.is](http://www.leikfelagid.is) • 464 1129 • [midi@leikfelagid.is](mailto:midi@leikfelagid.is)

## Heilsufar bænda

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga í samstarfi við kvenfélög í Suður-Þingeyjarsýslu, Bændasamtökin og Guðmund Hallgrímsson hafa í vetur unnið að verkefni sem miðar að því að efla heilsu bænda. Boðað er til kynningarfundar í Breiðumýri þriðjudaginn 17. apríl kl. 20.00

Unnsteinn Ingi Júlíusson læknir flytur erindi um heilsufar almennt og ábyrgð hvers og eins á eigin heilsu.

Á eftir honum mun Hjalti Jónsson sálfræðingur fjalla um andlega heilsu.

Í kjölfarið verða umræður um viðfangsefnið og næstu skref.

Vonumst til að sem flesti sjái sér fært að mæta.

Allir eru velkomnir. Boðið er upp á kaffiveitingar og enginn aðgangseyrir.

## Atvinna

**ORLOFSBYGGÐIN ILLUGASTAÐIR**  
vantar starfsmann í sumar við sundlaugargæslu,  
þarf að vera orðin 20 ára

Frekari upplýsingar veitir Jón í síma 462-2699

## Aðalsafnaðarfundur Einarstaðasóknar

verður haldinn í Seiglu 25. apríl kl. 20.30.  
Venjuleg aðalfundarstörf.  
Allir velkomnir  
Sóknarnefnd

## Nú liggur leiðin heim að Laugum

### Fögnum sumri saman!



Á sumardaginn fyrsta þann 19. apríl næstkomandi verður  
**Opið hús í íþróttahúsinu á Laugum frá kl. 13:00-16:00**  
Þar verður ýmislegt skemmtilegt og fróðlegt í boði fyrir alla aldurshópa  
s.s.

- Nemendur og starfsfólk FL munu kynna það fjölbreytta starf sem unnið er í skólanum
- Vöruframleiðendur og listamenn úr nærsamfélaginu okkar verða með kynningar og sölubása
- Leikir og þrautir fyrir yngstu kynslóðina í boði nemenda FL
- Lifandi tónlist – skólahljómsveit og söngvarar
- Kórinn Sálubót kemur og tekur nokkur lög
- Nemendur FL verða með hesta og teyma undir þeim sem vilja fara á bak
- Kaffihúsastemming með vöflum og tilheyrandi verður í boði Framhaldsskólans
- Sundlaugin verður opin - frítt fyrir alla  
Sjáumst sem flest og fögnum sumri saman

Nemendur og starfsfólk Framhaldsskólans á Laugum

## Aðalfundur Ferðamálasamtaka Píngeyjarsveitar

### Áður auglýstum aðalfundi frestað

Aðalfundur verður haldinn á Fosshóli

miðvikudaginn 25. apríl kl. 20:30

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar hvattir til að mæta og taka þátt í

umræðum um framtíð samtakana.

Stjórnin.

## Sumargleði Kvenfélags Fnjóskdæla.

Nú er sumar, gleðjunt saman á árlegu tombólukaffi í Skógum á sumardaginn fyrsta þann 19 apríl kl.14 til 17

Enginn posi

þeir sem vilja styrkja kvenfélagið með vinningum, komi þeim til einherrar okkar fyrir 17 apríl.

Gunna Vala á Hallgilstöðum

Hanna á Hási

Lella á Veturliðastöðum

Inga á Þórðarstöðum.

## Aðalfundur Kvenfélags Fnjóskdæla

Verður haldinn í Skógum  
Mánudagskvöldið 16. apríl. kl. 20:30.  
Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál

Nýjar konur velkomnar að ganga til liðs við okkur.  
Maður er manns gaman.

Stjórnin



## Grunnskólakennarar óskast við Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit

Kennara vantar við Reykjahlíðarskóla frá 1. ágúst 2018.  
Um er að ræða umsjónarkennslu á yngsta og unglíngastigi,  
íþróttir og textílmennt.

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Mjög góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi

- Hugmyndaauðgi, jákvæðni og sveigjanleiki

Skólinn er að innleiða Heilsueflandi grunnskóla, Jákvæðan aga og flaggar Grænfánum fyrir umhverfisstefnu.

Reykjahlíðarskóli er heildstæður skóli með um 35 nemendur.

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri í síma 464 4375.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið

[solveig@reykjahlidarskoli.is](mailto:solveig@reykjahlidarskoli.is)

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til 25. apríl 2018.**

**Aðalfundur Fjarræktarfélag Hálshrepps  
verður haldinn í Skógum  
föstudaginn 13. apríl kl. 20:30.**

**María Svanprúður mætir.**

**Stjórnin.**

Aðalsafnaðarfundur Hálssóknar  
18. apríl 2018  
haldin á Illugastöðum kl. 20:30

- 1.fundarsetning
- 2.lesin síðasta fundargerð
- 3.skýrsla sóknarinnar
- 4.reikningar
- 5.kosningar
- 6.kosningar tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- 7.önnur mál

**BÆNDUR !**

Við getum ekki tekið að okkur heyskap í verktöku í sumar eins og við höfum gert undanfarin sumur !

Með þakklæti fyrir viðskipti undangengin ár.

Marteinn , Kristín og Haukur Kvíabóli.

**Stöngin inn! á Breiðumýri**  
**Gamansöngleikurinn með ABBA-lögunum**

*Höfundur: Guðmundur Ólafsson - Leikstjóri: Vala Fannell*  
*– Tónlistarstjóri: Jaan Alavere*

Nú fer sýningum fækkandi á þessu stórskemmtilega leikverki þannig að nú er um að gera að drífa sig í leikhús á Breiðumýri.

Næstu sýningar:

- 13. sýning – fimmtudagur 12. apríl kl. 20:30
- 14. sýning – föstudagur 13. apríl kl. 20:30
- 15. sýning - sunnudagur 22. apríl kl. 20:30

Miðaverð:

**Fullorðnir kr. 3000.-**

**Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-**

**Eldriborgarar og öryrkjar kr. 2700,-**

Félögum í Framsýn, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

**Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrätt á kr. 3900.- Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti.**

*Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.*

Miðapantanir eru í síma **618-3945** eða á [leikdeild@leikdeild.is](mailto:leikdeild@leikdeild.is)

EIMUR

# Gerum okkur mat úr jarðhitnum

Hugmyndasamkeppni  
um matvælafram-  
leiðslu með jarðhita  
á Norðausturlandi

1. VERÐLAUN 2.000.000 ISK  
2. VERÐLAUN 500.000 ISK

Nánari upplýsingar á:  
eimur.is



Eimur, í samstarfi við Íslensk verðbréf, Matarauð Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, kallar eftir hugmyndum sem stuðla að sjálfbærni nýtingu auðlinda á Norðurlandi eystra. Hugmyndir mega vera á hvaða stigi sem er og fela í sér allt frá framleiðslu á hráefnum til fullunninnar matvöru.

- Skilafrestur til 15. maí
- Þátttaka öllum opin
- Ekki nauðsynlegt að skila inn nákvæmum teikningum
- Sérstök áhersla á sjálfbærni og samvinnu ólíkra aðila

[www.eimur.is](http://www.eimur.is)



14. tbl.  
11. apríl  
2018  
25. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



### Voríagnaður Karlakórsins Hreims "Ríðum sem fjandinn"

verður að Ýdölum 21, apríl kl. 20,30.

Söngstjóri er Steinþór Práinsson

Undirleikari er Steinunn Halldórsdóttir

Einsöngvarar eru  
Ásgeir Böðvarsson og Sigurður Þórarinsson

Sönggestir er Karlakór Kjalnesinga

Kynnir er Kristinn Rúnar Tryggvason

Miðaverð er 5000 kr.

Forsala er hjá Hársnyrtistofunni Toppnum á Húsavík  
s.4642131 og Dalakofanum á Laugum s.4643344.

Stórbrotið kaffihlaðborð og svo spilar Stulli fyrir dansi.